

ÁRSFUNDUR ÍSLENSKA LÍFEYRISJÓÐSINS 2009

haldinn að Nordica Hotel, miðvikudaginn 20. maí 2009, kl. 17:00.

Fundarstjóri: Ástráður Haraldsson, hrl.

Fundarritari: Hannes J. Hafstein, hdl.

Mætt var fyrir 15.640.424 hluti eða 1,6% af heildarinneign í séreignardeild og 1.505.045 hluti eða 0,15% af hlutfallslegri inneign í samtryggingardeild.

Lára V. Júlíusdóttir umsjónaraðili sjóðsins samkvæmt ákvörðun Fjármálaráðuneytisins setti fundinn. Fór Lára yfir skipan sína sem umsjónaraðila sjóðsins og hvert hlutverk hennar væri. Þakkaði hún starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf frá því að hún kom að stjórn sjóðsins.

Upplýsti að Lára að Ingólfur Guðmundsson stjórnarformaður hefði óskað eftir úttekt á verklagi innan sjóðsins og eftirfylgni við verklagsreglur. Í ítarlegri úttekt komu fram nokkrir hnökrar á verklagi sem kapp hefur verið lagt á að ráða bót á. Erindi hafa einnig borist frá sjóðsfélögum sem verið er að vinna úr og svara.

Ef horft til framtíðar telur umsjónaraðili eðlilegt að efna til aukaársfundar í haust og sú stjórn, sem á að kjósa í dag, verði kosin til bráðabirgða með ákveðið verkefni sem lýst er í tillögu sem liggur fyrir fundinum. Fór Lára yfir helstu efnisatriði tillögunnar. Vilyrði liggur fyrir frá Landsbankanum um að hægt verði að vinna málið áfram á þeim nótum sem tillagan kveður á um.

Fór Lára yfir dagskrá fundarins sem er eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt
4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
5. Kosning stjórnar
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Önnur mál

Lára gerði tillögu um að Ástráður Haraldsson yrði fundarstjóri og Hannes J. Hafstein fundarritari. Var tillagan samþykkt

Ástráður tók því næst við stjórn fundarins

Þorbergur Halldórsson kvað sér hljóðs. Gerði hann tillögu um að fundi yrði frestað vegna þess hve fámennnt væri ásamt því að boðað yrði til nýs fundar þar sem öll fundargögn yrðu send til sjóðsfélaga. Óskað var eftir atkvæðagreiðslu um efnið. Fundarstjóri samþykkti atkvæðagreiðslu og fór hún fram.

Á meðan talning fór fram flutti Ingólfur Guðmundsson skýrslu stjórnar.

1. Skýrsla stjórnar

Ingólfur þakkaði fyrir tækifæri til að fá að ávarpa fundinn og greina frá starfsemi á 18. starfsári sjóðsins. Tók Ingólfur fram að mikill vöxtur hafi verið hjá sjóðnum undanfarin ár en

bankahrunið hafi breyttri sterkri stöðu sjóðsins. Um mitt ár 2007 hefði dregið úr vægi innlendra og erlendra hlutabréfa. Hlutfall innlendra hlutabréfa var komið niður fyrir 1% í september 2008. Upplýst var að gerð hefði verið grein fyrir stöðu sjóðsins eftir hrun með bréfi til sjóðsfélaga og fundum víða um land. Baðst Ingólfur afsökunar á skakkaföllum og óþægindum sjóðsfélaga undanfarna mánuði.

Ingólfur tilkynnti að ekki væri þörf á að grípa til skerðingar á lífeyrisréttindum. Hann fór yfir helstu aðgerðir á síðasta ári. Þar kom meðal annars að flestir lífeyrissjóðir hafi verið með gjaldeyrisvarnarsamninga við bankana en Íslenski lífeyrissjóðurinn hafi sagt upp samningi við Landsbankann þann 9. maí 2008 og ríkir því ekki óvissa um þetta atriði og engar kröfur eru á hendur sjóðnum vegna þessa.

Ingólfur fór yfir helstu aðgerðir stjórnar sjóðsins en endurskoðandi sjóðsins hefur setið stjórnarfundum og fjárfestingarstefnu hefur verið breytt. Stærsti hluti eigna er nú í innlánnum. Fjallaði Ingólfur um að ný tækifæri væru til að sameina sjóði og slíta tengsl sjóða og banka. Atburðir undanfarna mánuði hafi skapað tortryggni. Bréf hafi verið sent til annarra sjóða til að kanna grundvöll fyrir sameiningu eða samstarfi. Viljayfirlýsing var undirrituð um sameiningu en ekki tókst að ljúka starfi þar sem skipaður var umsjónaraðili yfir þremur sjóða samstarfsins. Heildareign sjóða er um 160 ma.kr. og sameinaður sjóður yrði fjórði stærsti sjóður landsins.

Tók Ingólfur fram að skipan umsjónaraðila hafi komið stjórn á óvart. Ekki liggur fyrir hvaða lög voru brotin en stjórn var vikið frá en starfsmenn rekstraraðila halda sínu striki. Tekið var fram að stjórnarmenn hefðu ekki verið boðaðir til yfirheyrslu. Mannleg mistök leiddu til þess að farið var út fyrir fjárfestingarstefnu, aðallega hvað varðar Kaupþing banka.

Tekið var fram að mörgum spurningum væri ósvarað. Til dæmis hvaða hagsmuna væri verið að gæta við ákvarðanatöku um hagsmuni sjóðsins.

Að lokum var stjórnarmönnum og starfsmönnum þakkað þeirra starf og sérstaklega var Davíð Harðarsyni þakkað frábært samstarf.

Niðurstaða atkvæðagreiðslu um frestun fundar

Tillaga Þorbergs Halldórssonar um að fresta fundinum var felld. Niðurstaða var eftirfarandi:

Já sögðu 44,95%

Nei sögðu 55,08%

2. Kynning ársreiknings

Sigurður Páll Hauksson, endurskoðandi, gerði grein fyrir helstu niðurstöðum ársreiknings. Álitid er að ársreikningur gefi glögga mynd af stöðu sjóðsins. Benti Sigurður á áritun um sérstakar aðstæður og ástand á fjármálamerkuðum ásamt skýringu 13 um atburði eftir bankahrun.

Yfirlit um breytingu á hreinni eign á árinu 2008. Farið var yfir iðgjöld sem voru móttækin og iðgjöld greidd á árinu. Farið yfir fjárfestingartekjur. Niðurstaðan var sú að lækkun á hreinni eign til greiðslu lífeyris lækkaði á árinu um 2,8 ma.kr. og var í árslok tæpir 27 ma.kr.

Sigurður gerði grein fyrir efnahagsreikningi félagsins, eignum og skuldum, og greiningu á hreinni eign eftir deildum.

Farið var yfir stjóðstreymi ársins 2008. Inngreiðslur námu rúmum 48 mö.kr. en útgreiðslur rúmum 46 ma.kr. Hækkun á sjóði og veltiinnlánnum á árinu nam 4,8 mö.kr. og námu í árslok 4,9 mö.kr.

3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt á samtryggingardeild

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt á sjóðnum.

Bjarni gerði fyrst grein fyrir tilgangi tryggingafræðilegrar úttektar. Eignir eru bornar saman við skuldbindingar til greiðslu lífeyris. Lög gera kröfu um árlegan samanburð en útreikningar miðast við núverandi sjóðsfélaga og væntar útborganir fundnar. Út frá því er metið hver stærð sjóðsins þarf að vera. Miðað er við 3,5% raunávöxtun og lífs- og örorkulíkur.

Farið var yfir áunnin réttindi eftir aldri og skiptingu eftir kyni og aldri. Einnig var sýnt yfirlit yfir áætluð réttindi eftirlifandi.

Farið var yfir áfallnar, framtíðar og heildareignir og skuldbindingar. Heildarstaðan er sú að staðan er neikvæð um 4,9% sem er innan þeirra marka sem lög heimila. Lög gera því ekki kröfu um breytingar á réttindum.

Til samanburðar var litið á stöðuna í fyrra

4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Tryggvi Guðbrandsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins og ávöxtun ársins 2008. Eftir mikið góðæri á undanförunum árum á eignamarkaði var hrun á síðasta ári. Ísland var ekki undanskilið í þessari þróun.

Farið var yfir ávöxtun eignaflokka á síðasta ári. Farið var yfir nafn- og raunávöxtun á árinu 2008 eftir leiðum. Tap einstakra leiða má að mestu rekja til taps á skuldabréfastöðu. Má segja að verið hafi vanmat á því hvort hér gæti orðið kerfishrun. Farið var yfir ávöxtun Líf I og Líf IV. Nafnávöxtun Líf I lækkaði um 22,5%. Farið var yfir hvaða verðbréf áttu stærstan þátt í lækkun á Líf I. Líf IV var með lækkun nafnávöxtunar um 19,2%

Farið var yfir stýringu Íslenska lífeyrissjóðsins. Undanfarin ár hafa sérfræðingar sjóðsins notað verðbréfasjóði til eignastýringar. Fyrirkomulagið hafði gengið vel en brást þar sem áhlaup var á verðbréfasjóði í október sl. sem breytti eignasamsetningu þeirra.

Við móttun fjárfestingarstefnu fyrir árið 2009 var vikið frá hefðbundnum viðmiðunum um samval eigna og sýnd var breyting fyrir leiðir. Kominn var inn nýr eignaflokkur, innlán. Vikmörk hafa verið þrengd á bréfum sem ekki eru útgefin af ríkinu.

Lögð var áhersla á að vinna úr þeim eignum sem þegar eru í sjóðunum. Nú er frekar horft á fjárfestingu í einstökum verðbréfum en sjóðir notaðir til áhættudreifingar, t.d. í erlendum bréfum.

Farið var yfir horfur fyrir árið 2009. Lögð áhersla á varfærni í fjárfestingum og verndun höfuðstóls. Farið yfir eignasamsetningu sjóðsins nú. Upplýst var að árið 2009 fer vel af stað.

Umræða um liði 1-4

Birna Björnsdóttir tók til máls. Hún hnykkti á fyrirspurn varðandi fjárfestingarleið IV. Í hverju var fjárfest og hve stór hluti var í áhættubréfum? Er niðurstöðu að vænta í því máli? Hun tók fram að tilkynning um breytingu á fjárfestingarstefnu hefði verið undarleg.

Tryggvi Guðbrandsson svaraði og upplýsti að eignir hafi aðallega verið í fyrirtækjabréfum og peningamarkaðssjóði. Hann fór líka yfir hvernig breytingu á fjárfestingarstefnu var háttað. Tók fram að niðurstaðan væri sorgleg.

Birna spurði í framhaldinu hvort til stæði að bæta tjón sjóðsfélaga. Tryggvi sagðist ekki geta upplýst um það.

Fundarstjóri lýsti því yfir að engar athugasemdir hefðu komið fram um ársreikning og því teldist hann samþykktur.

5. Dagskrártillaga umsjónaraðila um aukaársfund fyrir septemberlok nk.

Lára V. Júlíusdóttir gerði grein fyrir tillögu sinni sem fylgdi fundargögnum. Kosin verði bráðabirgðastjórn sem móti tiltekna breytingar á samþykktum fyrir aukaársfund sem skuli halda í síðasta lagi í septembermánuði.

Gerði Lára grein fyrir röksemdum fyrir tillögu sinni.

Fundarstjóri kvað tillöguna í raun vera dagskrártillögu. Komu fram óskir um atkvæðagreiðslu samkvæmt samþykktum sjóðsins. Formleg kosning fór því fram.

Tillagan var samþykkt með 78,75% atkvæða en mótatkvæði voru 21,25%.

6. Kosning stjórnar

Fundarstjóri upplýsti um þá fulltrúa sem bankaráð Landsbankans hefði tilkynnt um.

a) Fulltrúar Landsbankans

Gunnar Viðar

Sigrún Sæmundsdóttir

Jóhanna K. Claessen

Til vara Haukur Agnarsson

b) Fór þá fram kosning tveggja fulltrúa til þriggja ára í senn.

Umsjónaraðili gerði grein fyrir tillögu sinni. Jón Snorri Snorrason og Helgi Magnússon voru í stjórninni en Helgi gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Tillaga var því gerð um að Jón Snorri verði áfram og Valdís Arnardóttir taki sæti í stjórninni. Varamaður þeirra yrði Katrín Friðriksdóttir

Örnólfur Jónsson gerði tillögu um að Ingólfur Guðmundsson taki sæti í stjórn fyrir hönd sjóðsfélaga.

Fundarstjóri upplýsti að fara yrði fram kosning um stjórnarmenn þar sem þrír væru í framboði en tveir í stjórn. Varamaður væri sjálfkjörinn.

Dagskrá var fram haldið meðan talning fór fram.

Fundarstjóri upplýsti um niðurstöðu kosningar.

Jón Snorri: 48,5% atkvæða

Valdís: 34,86% atkvæða

Ingólfur: 16,64% atkvæða

Jón Snorri og Valdís voru því rétt kjörnir stjórnarmenn fyrir hönd sjóðsfélaga.

7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

a) Tillögur sem leiða af lagabreytingum, sbr. gr. 20.3 í samþykktum.

Umsjónaraðili kynnti nauðsynlegar samþykktarbreytingum vegna breytingar á lagaumhverfi sjóðsins. Ekki var um efnislegar athugasemdir að ræða og því óþarft að greiða atkvæði um breytingarnar. Breytingarnar voru því samþykktar.

b) Tillögur frá fyrrverandi stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins.

Örnólfur Jónsson gerði grein fyrir þeim tillögum. Í upphafi gerði hann grein fyrir starfi sínu í stjórn sjóðsins. Hann sagðist hafa ríka sannfæringu fyrir því að tími lífeyrissjóða undir væng fjármálafyrirtækja sé liðinn. Rétt sé að Íslenski lífeyrissjóðurinn taki sambærilegt skref og Almenni lífeyrissjóðurinn. Framlögð tillaga snúist um rétt sjóðsfélaga Íslenska lífeyrissjóðsins til að taka ákvörðun um sjóðinn

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna

Ásmundur Stefánsson bankastjóri Landsbankans tók til máls. Með skipun umsjónaraðila hafi ekki verið ráðrúm til að ræða hugsanlega sameiningu við aðra sjóði. Bankaráð vilji skoða hvernig best sé hægt að þjóna hagsmunum sjóðsfélaga. Búið væri að samþykkja stjórn til bráðabirgða sem boði til fundar í haust þar sem lagt verður til hvernig framhaldi verður háttað. Tilgangur með tillögunni óljós við þessar aðstæður.

Örnólfur tók aftur til máls. Inni í tillögu sem samþykkt var er ekki klippt á samskipti við Landsbankann.

Ásmundur svaraði Örnólfi. Tók fram að tillaga umsjónaraðila væri ekki tillaga um breytingu á samþykktum. Mótmælti að bankaráð hafi tafið umræður um efnið.

Örnólfur taldi að langur tími væri liðinn frá því að viðræður hófust án þess að bankinn hafi brugðist við. Hann lýsti vonbrigðum með mætingu og tímasetningu fundarins.

Fundarstjóri gerði það að tillögu að greitt verði atkvæði í einu lagi. Atkvæðagreiðsla fór fram.

Tillagan var felld en 32,68% samþykktu tillöguna en 67,32% voru á móti.

8. Laun stjórnarmanna

Umsjónaraðili tók til máls um tillöguna. Tillagan hefur í för með sér lækkun á stjórnarlaunum um 10%.

Engar athugasemdir voru gerðar og því úrskurðaði fundarstjóri að tillagan væri samþykkt.

9. Önnur mál

Eitt mál lá fyrir fundinum. Tillaga frá fyrrverandi stjórn sjóðsins um ályktun um áframhaldandi viðræður við aðra sjóði um hugsanlegt samstarf eða sameiningu. Fundarstjóri gerði tillögu um að greidd yrðu atkvæði um tillöguna með handauppréttingu og voru ekki gerðar athugasemdir við það. Fundarstjóri bar því tillöguna upp og var hún felld.

Örnólfur Jónsson tók til máls. Bað hann um að fært yrði til bókar fyrir hve stóran hluta sjóðsfélaga var mætt á fundinn.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi því slitið.